

**Nd.**

**820. Frumvarp**

til laga um einkaleyfi til að þurka kjöt með vjelaafli á Íslandi.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að veita Þorkeli Þ. Clementz, vjel-fræðingi í Reykjavík, einkarjett um 15 ár til þess að þurka kjöt á Íslandi með vjelum.

2. gr.

Einkaleyfið er framseljanlegt, með leyfi landsstjórnarinnar.

3. gr.

Geti leyfishafi ekki innan 3 ára sýnt, að tilraunir allar og undirbún-ingur sjeu svo langt komið, að fyrirtækið geti tekið til starfa á því ári, fellur einkaleyfið úr gildi.

4. gr.

Einkaleyfishafi greiði, ef krafist verður, alt að 10 krónum í landssjóð af hverri smálest af þurkuðu kjöti, sem út er flutt, þó ekki af fyrsta árs framleiðslu.

5. gr.

Eigi má leggja annað eða meira gjald á þá vöru, er leyfishafi fram-leiðir, en um getur í 4. grein.

6. gr.

Þegar 10 ár eru liðin eða meira frá því er einkaleyfishafi tók að flytja út þurkað kjöt, hefir landsstjórnin rjett til að taka í sínar hendur einkaleyfið og allar vjelar, hús og áhöld fyrir það verð, er dómkvaddir menn meta.

**Greinargerð.**

Um ástæður fyrir frumv. þessu visast til meðfylgjandi brjefa, sem prentuð eru með frumvarpinu.

## Fylgiskjal I.

### BÚNAÐARFJELAG ÍSLANDS.

Reykjavík, 1. sept. 1917.

Í tilefni af bræfi yðar, dags. í gær, og meðfylgjandi eftirriti af fyrirhuguðu frumvarpi til laga um einkaleyfi til að þurka kjöt með vjelaafli á Íslandi, viljum vjer taka það fram, að fjelagið telur rjett að veita einkaleyfi um takmarkaðan tíma, til þess að ryðja nýjar brautir, ef það er gert með fullri gætni og hagsmunir almennings eru ekki fyrir borð bornir.

Um einkaleyfi það, sem hjer um ræðir, viljum vjer taka það fram, að oss þykir tíminn, 20 ár, of langur, og ákvörðun vantar um það, að hann byrji þegar einkaleyfið er gefið út. Í öðru lagi teldum vjer rjettara, að einkaleyfið væri bundið við vjelþurkun á kjöti til útflutnings, og í þriðja lagi ætti gjaldið til landssjóðs að vera miðað við það, að árlega væri flutt til útlanda ákveðið vörumagn, og það nokkuð verulegt, af kjötinu þannig verkuðu, eftir að eitt eða tvö tilraunaár eru liðin og ár er liðið frá því að ófriðnum linnir eða frjálssar samgöngur hafa hafist á ný.

Að endingu viljum vjer taka það fram, að vjer göngum að því vísu, að landsstjórnin veiti ekki leyfið nema því að eins, að hún hafi tryggingu fyrir því, að fje verði lagt til framkvæmda, svo að ekki fari um þetta einkaleyfi eins og ýms önnur einkaleyfi, sem veitt hafa verið á síðustu árum.

Eggert Briem,  
frá Viðey.

Eggert Briem.

Til

herra vjelfræðings Þorkels P. Clementz  
Reykjavík.

## Fylgiskjal II.

Herra Þorkell P. Clementz hefir farið þess á leit við okkur undirritaða, sem erum í framkvæmdarstjórnnum Sláturfjelags Suðurlands og Sambands isl. samvinnufjelaga, að við gefum meðmæli nefndra stofnana með því, að löggjafarvaldið veiti honum einkaleyfi um 15—20 ára tímabil til þess að þurka nýtt kjöt á Íslandi.

Af því nú að eigi vinst tími til þess að bera mál þetta undir nefnd

fjelög, á þann hátt að við getum talað í þeirra nafni, þá getum við einungis svarað þessu sem privat-menn.

Við litum á þessa kjötpurkunartilraun, sem herra Clementz hefir fyrirhugað og skýrt oss frá, þannig, að vert væri að gefa henni gaum og þá aðhlyning, að hún gæti komist á, og okkur finst eðlilegt, að tryggja þurfi aðstöðu hennar með einkaleyfi, eins og tíðkanlegt er víða um heim um iðnaðar-nýmæli, þó svo, að einkaleyfistíminn sje ekki lengri en alveg er nauðsynlegt.

Með skirskotun til þessa erum við því þess vegna hlyntir, að þing og stjórn sinni málaleitun hans.

Reykjavík, 28. ágúst 1917.

H. Thorarensen. Björn Bjarnarson. H. Kristinsson.

Pjetur Jónsson. Bogi A. J. Þórðarson.